


AFSTAÐA
Mkv 1:500




SNIÐ A-A
Mkv 1:100




SNIÐ C-C
Mkv 1:100

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
17 DES. 2013
Byggingarfulltrúi

ALMENNT:

SÓTT ER UM HEIMILD TIL BYGGINGAR HESTHÚS OG TENGIBYGGINGAR SYÐRI GEGNISHÓLUM LANDNÚMER 218288 OG STAÐGREINIR 8722-4-00066010. EN Á LÓÐINN ER FYRIR REIÐHÖLL BYGGÐ 2009 OG HESTHÚS OG ERU FYRIRHUGUÐ BYGGINGARÁFORM LIÐUR Í AÐ BÆTA AÐSTÖÐU TIL HROSSARÆKTAR. HESTHÚSIÐ SEM NÚ ER SÓTT UM ER MEÐ 26.RÚMGÓÐAR EINNA HESTA STÍUM. TENGIBYGGING ER AÐALEGA TENGING HESTHÚSA VIÐ REIÐHÖLL EN EINNIG AÐSTÖÐUBYGGING FYRIR KNAPA OG ANNAÐ STARFSFÓLK ÁSAMT ÞVÍ AÐ VERA INNGANGUR FYRIR BYGGINGARNAR ÞRJÁR. BYGGINGARNAR, FRÁGANGUR OG BÚNAÐUR SKAL UPPFYLLA REGLUGERÐ UM AÐBÚNAÐ, UMHIRÐU OG HEILBRIGÐISEFTIRLIT HROSSA, ÁSAMT ÖÐRUM VIÐEIANDI LÖGUM OG REGLUGERÐUM EN Í REGLUGERÐINN KVEÐUR Á T.D AÐ VIÐ HÚSIN SÉ A.M.K 100M2 GERÐI.

SÖKKLAR OG GÓLFPLATA.

SÖKKLAR OG GÓLFPLATA HESTHÚSS OG TENGIBYGGINGAR ERU STAÐSTEYPT Á ÞJAPPAÐA FYLLINGI. Í HESTHÚSI ERU SVO KALLAÐAR SAFNSTÍUR, EN Á MILLI ÞEIRRA KOMA GRINDUR SMÍÐAÐR ÚR RIÐFRÍU STÁLI OG SKAL SMÍÐI ÞEIRRA VÖNDUÐ SVO AÐ HESTAR GETI EKKI ORÐIÐ FYRIR MEIÐSLUM EÐA HEILSUTJÓNI. EN AÐ FRAMAN ER STÍUVEGGUR STAÐSTEYPTUR. GÓLF SKULU VERA MEÐ STÖMU YFIRBORÐI(KÚSTUÐ) SEM AUÐVELT ER AÐ ÞRÍFA. STEYPT GÓLF Í BÁSUM SKULU KLÆDD GUMÍMOTTUM EÐA ÖÐRU MJÚKU EFNI. EF EKKI ER HREINSAÐ DAGLEGA SKAL BORIÐ UNDIR HROSSIN TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR BLEYTU OG HÁLKU.

ÚTVEGGIR.

ÚTVEGGIR Í HESTHÚSI ERU STAÐSTEYPTIR OG EINANGRAÐIR AÐ UTAN MEÐ 50MM STEINULLAREINANGRUN. EINANGRUN KEMUR Á MILLI STANDANDI TIMBURGRINDAR Á TIMBURGRIND ER FEST LIGGJANDI BÁRUKLÆÐNING. KLÆÐNINGU ER SKIPT UPP MEÐ SLÉTTUM FLÖTUM/FLASNINGUM.

ÚTVEGGIR Í TENGIBYGGINGU ERU EINNIG STAÐSTEYPTIR OG EINANGRAÐIR AÐ UTAN EN EIN HLIÐ TENGIBYGGINGU ER ÞÓ AÐALEGA GLUGGAR EN STEYPTAR STÁLSÚLUR ERU INNAN VIÐ GLUGGA SEM HALDA UNDIR ÞAK.

Í HÚSIÐ KOMA TIMBURGLUGGAR OG HURÐIR AÐ VANDAÐRI GERÐ.

ÞAK.

BURÐARVIRKI ÞAKS HESTHÚSI ER GERT ÚR LÍMTRÉSBITUM SEM HVÍLA Á STEYPTUM ÚTVEGGJUM SAMKVÆMT TEIKNINGUM BURÐARVIRKISHÖNNUÐAR. Á MILLI LÍMTRÉSBITA KOMA ÞVERBÖND ÚR LÍMTRÉ SEM Á HVÍLA YLEININGAR SEM SKULU UPPFYLLA KRÖFUR OG LEIÐBEININGAR MANNVIRKJASTOFNUNAR.

ÞAK TENGIBYGGINGAR ER STAÐSTEYPT, OFAN Á STEYPTA PLÖTU KEMUR SNIÐSKORIÐ EINANGRUN SEM MYNDAR HALLA AÐ NIÐURFÖLLUM. ÞAKDÚKUR ER PVC ÞAKDÚKUR, FRÁGENGIN SAMKVÆMT LEIÐBEININGUM FRAMLEIÐANDA.

LAGNIR

ALLAR LAGNIR SKULU VERA UTANÁLIGGJANDI. HÚSIÐ ER LOFTRÆST UM OPNANLEGA GLUGGA.

BRUNAVARNIR

HESTHÚS OG TENGIBYGGING ER SITT HVORT BRUNAHÓLFIÐ OG SKAL FRÁGANGUR Á VEGGJUM VERA Í SAMRÆMI VÐ ÞAÐ. BRUNAVEGGIR SKULU NÁ AÐ YSTU VEGG OG ÞAKLÆÐNINGU OG FRÁGENGNIR SAMKVÆMT LEIÐBEININGUM MANNVIRKJASTOFNUNAR. Í HÚSIÐ KEMUR SAMTENGT BRUNAVIÐVÖRUNARKERFI. Í MÆNIR ÞAKS HESTHÚSS KEMUR ÞAKGLUGGI ÚR AUÐBRENNANLEGU PLASTI TIL REYKÚTLOFTUNNAR AUK ÞESS SEM HANN GEFUR GÓÐA BIRTU. Í GAFL HESTHÚSS KOMA FLEKAHURÐAR(EKKI RENNIHURÐIR) TIL AÐ UPPFYLLA LEIÐBEININGAR MANNVIRKJASTOFNNUNAR UM FLÓTTALEIÐIR Í GRIPAHÚSUM. HURÐIR ÚR TENGIBYGGINU ÚT FRÁ TENGIGANGI OG INNÍ REIÐHÖLL OG NÚVERRANDI HESTHÚS SKULU HAFA A.M.K 1200MM LJÓSOP TIL AÐ UPPFYLLA FLÓTALEIÐIR.

ANNAÐ

EINS OG FRAM KEMUR Í GREIN 13.2.2 Í BYGGINGARREGLUGERÐ UM ÁKVÖRÐUN U-GILDA ER EKKI GERÐ KRAFA Á HÚSNÆÐI SEM ER EKKI UPPHITAÐ S.S LANDBÚNAÐARBYGGINGAR OG ÞVÍ EKKI GERÐ SÉRSTÖK KRAFA Á EINANGRUN.

HÆÐARKÓTAR ERU AFSTÆÐIR.

Pro-Ark teiknistofa

Syðri Gegnishólar
Flóahreppi

13-040

Afstaða, snið

Eiríkur Vignir Pálsson BFÍ  Kt: 010975-4179

Kjartan Sigurbjartsson BFÍ  Kt: 190275-5319

Teikn. EVP
Dags. des 2013
Mkv. A2 -

01.01B

BREYTT 30.DES. TENGIBYGGING STÆKKUÐ, GLUGGUM BREYTT OG ÞAKI TENGIBYGGINGU BREYTT Í STAÐSTEYPT.

ÚTPRENTAÐ: 7.1.2014 09:51:24

SÍÐAST VISTAÐ: 6.1.2014 10:12:58

Eyravegur 32, 800 Selfoss Sími 4824430 proark@proark.is